Nefndasvið Alþingis,
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. janúar 2019

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnu í fjarskiptum 2019-2033 og fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023, 403. og 404. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir samtökin) gera sameiginlega umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum 2019-2033 (404. mál) og fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023 (403. mál). Við gerð fjarskiptaáætlunar þarf að horfa til samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi og gæta þess að innviðir styðji við hinn stafræna heim, sem er í gríðarlegum vexti, og þau tækifæri sem fjórða iðnbyltingin færir okkur. Samkvæmt skýrslu KPMG um samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar er Ísland að tapa samkeppnisforskoti í gagnaversiðnaði, m.a. vegna ósamkeppnishæfra gagnatenginga. Núverandi kerfi er óhagkvæmt og óskilvirkt.

Samtökin fagna því að í stefnu í fjarskiptum 2019-2033 sé lögð áhersla á að styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands. Því til viðbótar er stefnt að því að byggja upp grunnnet fjarskipta með hliðsjón af aðgengi og öryggi, tengingu landshluta og Íslands við umheiminn. Til að ná umræddu markmiði er m.a. lögð áhersla á að þrír virkir sæstrengir tengi landið við Evrópu frá mismunandi landtökustöðum.

Samtökin telja hinsvegar að fimm ára fjarskiptaáætlun gangi of skammt og að ná þurfi umræddum markmiðum fyrr en sú áætlun leggur upp með. Eftir einungis örfá ár má búast við því að bilanatíðni núverandi gagnastrengja aukist og því aukist líkur á gagnarofi, með tilheyrandi tjóni. Stjórnvöld þurfa því að bregðast við hratt og örugglega með því að hafa forystu um að tryggja lagningu þriðja sæstrengsins innan tímabilsins sem um ræðir. Í þessu samhengi þarf einnig að skoða frekari aðkomu einkaaðila að markaði með gagnatengingar og með því afnema núverandi einokun og tvöfalda verðskrá á gagnatengingum.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigríður Mogensen,
f.h. Samtaka iðnaðarins